

Mál 11/2019

Miðvikudaginn 16. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 11/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 5.3.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 5.11.2018 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með gilt augnvottorð við pörun með tík B. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 18.3.2019 og henni gefinn 4 vikna andmælafrestur. Kærða svaraði ekki efnislega. Ítrekun var send 15.8.2019 og gefinn var viku viðbótarfrestur en ekki barst svar. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 5.11.2018 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með gilt augnvottorð við pörun með tík B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þarf slíkt að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Rakkinn er af kyninu Bichon frise og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: Bichon frise

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Lámarsaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við pörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við pörun til þess að tryggj sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir pörun. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrirséð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir